



1. Tilgangur

Tilgangur þessa verklags er að öll vöru- og þjónustukaup Verkefnaskólans á Akureyri séu unnin með sama hætti og undir eftirliti.

2. Gildissvið

Vinnuferlið gildir fyrir öll innkaup á vöru og þjónustu Verkefnaskólans á Akureyri önnur en fjárfestingar og stærri innkaup semskal eignfæra.

3. Hugtök

Listi yfir hugtök sem notuð eru í verklagsreglunni er að finna í Gæðahandbók á blaðinu [INN-004 Hugtök og skilgreiningar](#).

4. Ábyrgð

Skólameistari er endanlega ábyrgur fyrir innkaupum Verkefnaskólans á Akureyri.

Rekstrar- og fjármálastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og eftirfylgni innkaupa ásamt því að bera ábyrgð á almennum innkaupum á skrifstofuvörum, viðhaldsvörum, hugbúnaði fyrir tölvur og kennslubókum til endursölu. Rekstrar og fjármálastjóri veitir eftirfarandi innkaupaaðilum umboð til innkaupa.

Brautarstjórar hafa umboð og eru ábyrgir fyrir kaupum á rekstrarvörum fyrir viðkomandi brautir innan fjárheimilda brautar. Rekstrarvörur teljast allar vörur sem notaðar eru til daglegrar kennslu, en ekki stærri fjárfestingar.

Forstöðumaður bókasafns hefur umboð til að kaupa bækur, þar með talin kennslueintök fyrir viðkomandi braut/deildir.

Umsjónarmaður fasteigna hefur umboð og er ábyrgur fyrir innkaupum á minniháttar rekstrarvörum.

Skólafulltrúi 1 hefur umboð og er ábyrgur fyrir innkaupum á hreingerningarvörum.

5. Framkvæmd

5.1 Forsendur

Brautarstjórum ber að kaupa inn frá fyrirtækjum sem eru með gildan rammasamning við Ríkiskaup. Brautarstjórar mega þó gera prufuinnkaup hjá öðrum birgjum ef gildandi rök eru fyrir að sambærileg vara sé ekki til annarsstaðar.

Orri, fjárhagskerfi ríkisins, heldur utan um bókhald VMA og þangað eru reikningar sendir til samþykktar. Þegar reikningur berst rafrænt í bókhald Orra fer hann í samþykktarferli og er samþykktur eða honum hafnað af ábyrgðaraðila.


Innkaup eiga að vera innan fjárheimilda hvers skólaárs.

Eingöngu þeir aðilar sem koma fram í þessari verklagsreglu hafa heimild til þess að gera innkaup fyrir VMA.




5.2 Innkaupaferli

Almenn innkaup:





Innkaup á bókasafni:





5.3 Eftirlit

Rekstrar- og fjármálastjóri sér til þess að fundað sé reglulega með þeim sem koma að innkaupum þar sem farið er yfir rammasamninga og verklag við innkaup.

6. Viðeigandi skrár

Rammasamningar ríkisins - lög um opinber innkaup nr. 120/2016 sem er aðgengilegur á heimasíðu ríkiskaupa.